

Guðrún Gísladóttir

2002

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

DVCAM 91, 92

© Krumma films ehf.

Spóla 91.

Þú hefur leyfi til að nota þetta allt í þessa heimildarmynd sem heitir *Svona fólk* og ég heiti Guðrún Gísladóttir.

*Hrafnhildur: Hvað viltu að þú sért titluð?*

Ekkert.

*Hrafnhildur: Fyrrverandi formaður Samtakanna?*

Já já, þess vegna. Fyrrverandi formaður Samtakanna.

Já allt annað ár. Nei ekkert annað en svona viðbrögð fólks. Viðbrögð sumra lesbía við myndinni. Hún var of feminín eða of eitthvað sem að var ekki lesbískt. Og ég veit að það var fólk sem hringdi í ritstjóra blaðsins með viðbragð og þótti ekki ástæða til þess að vera að birta svona viðtöl við svona fólk.

Já það var maður sem að kynnti sig, heildsali í bænum og kynnti sig með nafni skilst mér og sagði að það væri alveg ástæðulaust að vera að, hvað var það sem hann sagði? Opinbera kynlíf svona fólks í blaðaviðtölum og ritstjórinn spurði: „Hvaða kynlíf? Það er ekkert talað um kynlíf í þessari grein yfirhöfuð.“ Og þá hafði hann sagt: „Nei en maður getur auðveldlega ímyndað sér hvað þær eru að gera.“ Og hann áttaði sig ekki einu sinni á því sjálfur hvað hann var að afhjúpa sjálfan sig og eigin hugsanir. En ég held að viðbrögð hafi ábyggilega líka verið góð en ég veit það ekki.

Já það sem að greinilega sumir bæði þótti eða þykir ég veit ekki hvort það hefur breyst svo mikið en hún þótti a.m.k óviðeigandi en var líka forvitið um. Því það er annar forveri minn í Samtökunum sem var í útvarpsviðtali og hann var einu sinni spurður að því „hvað gerir þið eiginlega í rúminu?“ í beinni útvarpssendingu. Þá hringdi fólk inn á þjóðarsálina held ég það hafi verið. Og hann sagðist skyldu segja honum það ef hann segði sér fyrst hvað hann gerði með konunni sinni en þá skellti sá á. Þannig að það er

*Svona Fólk*

voða mikið kynlíf sem tengist, það er það sem að fólk hugsar og það er ekkert bara þannig á Íslandi.

Nei ekki frekar en önnur sambönd. Ég er búin að prófa hvort tveggja. Ég sá ekki mun á því. Nei alls ekki þetta gengur út á ást eða ekki alltaf ást heldur að vera ástfanginn a.m.k. sem er ekki alltaf það sama. Það kemur í ljós hvort það verður eitthvað meira. Þetta eru tilfinningar. Tilfinningar okkar til einhvers sem við hittumst og hrífumst af. Og þá er um að gera að vera opinn. Láta það ekki skipta sig máli hvort það er karlmaður eða kona. Mér finnst svolítið sorglegt sjálfri þegar ég uppgötva eftir á hvað ég var ástfangin af mörgum konum án þess að vita hvað það var í mörg mörg ár. Það þótti mér svolítið sorglegt eftir á að geta ekki fundið út úr því fyrr hvað það var en betra seint en aldrei.

Já það var allt nýtt í þessu þá. En þegar þú talar um að koma út úr skápnum, mér fannst ég aldrei koma úr skápnum. Því að koma úr skápnum gerir maður ef maður viljandi, ég tala ekki um að koma úr skápnum ef maður veit ekki hneigingar sínar. Og þegar ég varð svo ástfangin af þessari konu sem kenndi mér í háskólanum þá var ég, ég þurfti ekki að spurja sjálfa mig um neitt. Þá var það rétt þannig að mér fannst ég ekki þurfa að koma úr neinum felum. Aftur á móti fór ég í felur þegar ég var í Færeyjum í tvö ár. Þá fór ég í fyrsta skipti inn í skápinn og alltaf lengra og lengra inn þannig að mér fannst mjög mikill munur á því þegar ég var gift og vissi ekki um þetta eða hafði aldrei hugleitt þetta og að fara vísvitandi inn í samband sem er í felum.

Jú ég held sko. Það hefur nú gerst mikið þessi síðustu tuttugu ár eða síðustu áratugi og löggjöfin er okkur í hag kannski á ákveðinn hátt núna, við getum gift okkur og kannski ættleitt börn en það speglar ekki alltaf andrúmsloftið í þjóðfélaginu. Og það má gera eins margar Gallúpkannanir og hægt er til að kanna viðhorf fólks en það er einhver ástæða fyrir því að það koma ekki fleiri úr felum og það er einhver ástæða fyrir því að þetta er ennþá erfitt og það mun taka sinn tíma og ég held að það sé rosalegur munur á því að finnast það í lagi að einhver frægur söngvari eða söngkona sé hommi eða lesbía og svo skrefið til þess að Sigga dóttir þín komi heim og segist: „Ég held ég sé lesbía.“ Því þá er það komið heim inn á stofugólf. Og þess vegna hefur það að mínu mati verið

svo áriðandi en það er svo erfitt að fá venjulegt fólk í viðtöl en því fleiri náttúrulega sem koma úr felum því betra. En ég veit ekki hvort við erum komin eins langt og við höldum, ekki hvað almenning varðar.

Það kemur í ljós já og það kemur í ljós bara í hvunndeginum en ekki í skoðanakönnunum þó að þær gefi vísbendingar kannski. Því nú er það þannig að það er ekki in að vera með kynþáttafordóma eða fordóma gagnvart konum eða homnum eða lesbíum eða hvað það nú er og þá þegir fólk frekar en að segja frá því að því þyki þetta ekki eins og það á að vera.

Það er ekki minnst á það að fyrra bragði og það er svolítið óþægilegt ef maður gerir það sjálfur. Ég á fimm bræður og það er náttúrulega svolítið misjafnt hvernig þeir hafa tekið þessu. Einn var í heimsókn hjá mér í vor sem er líklega sá sem þykir þetta minnst mál og þykir þetta ekki mál en það er samt erfitt að segja hluti í kring um hann. Hann spurði mig: „Áttu einhverja vinkonu?“ segir hann? „Ég á margar vinkonur,“ segi ég og þá verður hann soldið kindarlegur og veit ekki alveg hvað hann á að segja og konan hans segir: „Hvað er að þér? Þú átt að spyrja hana hvort hún eigi kærustu. Það er það sem þú ert að spyrja hana um.“ En það stóð svolítið í honum að nota orðið. Það var eins og hann væri svolítið feiminn.

Þegar að ég skildi '83 þá var alnæmi náttúrulega þúrungur sjúkdómur, varla kominn af, man ekki einu sinni hvenær veiran var greind. Og ég var strax virk í Samtökunum í Lundi og var formaður þar og sat í alnæmisnefndinni sem var þar. Og við byrjuðum fyrsta fræðslustarfið á launum í skólum í Svíþjóð og einhver sagði heiminum en það skiptir nú engu en við byrjuðum þar. Fengum laun tvö ásamt ljósmóður að fara í skóla og fræða um alnæmi og kynlíf. Og kom þá náttúrulega í ljós hvað vantaði mikla kynlífsfræðslu þetta varð eiginlega að kynlífsfræðslu en ekki alnæmisfræðslu. Og starfið helgaðist mikið eða var merkt þessu vandamáli þá. Snérist í kringum það. Og svo kem ég heim og þetta var eins og svartnætti. Þannig leið mér. Það var sko, það voru framkvæmdir í gangi en það var meira eins og „OK við verðum að gera eitthvað.“ Og það var ekki það og samtökin reyndu og reyndu og fengu mörgu áorkað og það var ýmislegt gert en mér fannst lengi framan af eins og viljinn væri ekki fyrir hendi. En

maður sagði „nú erum við búin að gera eitthvað og erum svolítið stikkfrí þá.“ Enda var það glöggst svo lognaðist það út af. Ég man sérstaklega eftir ráðstefnu sem var haldin á vegum Rauða krossins og landlæknisembættinu og fleiri. Þeir borguðu sænskum manni til að koma til Íslands og halda fyrirlestur um samkynhneigð en það vildi svo til að ég þekki hann. Og ég held að ástæðan hafi ekki verið sú að það hafi þótt að minn fyrirlestur yrði verri en mér var greitt fyrir að túlka fyrir þennan mann og við þekktumst vel og þegar hann sér hver túlkurinn er þá segir hann: „Ertu flutt heim?“ „Já,“ segi ég. „Afhverju ert þú ekki að halda þennan fyrirlestur?“ „Ég veit ekki afhverju,“ ég hef oft hugsað um það að ég held að það hafi ekki verið að þeim væri illa við mig en það var einhver ástæða fyrir því að þeir fengu mann frá útlöndum til að tala um samkynhneigð en ekki mig. En ég var svo fengin til að túlka. Hann átti ekki orð. Bæði yfir því að nota ekki eitthvað sem er á eigin máli þannig að skilaboðin komist auðveldlegar til skila og að spara peningana og nýta það sem er til í landinu. Svo þetta var eins og enginn vildi setja fingurna almennilega í þetta. Ekki svona í heildina og þetta var erfiður róður alnæmisróðurinn. Og svo var landsnefndin lögð niður.

Við þessi fræðsla sem við vorum með í Svíþjóð þá fannst okkur best, að vel athuguðu máli því að það fór ekki í gang bara af sjálfu sér, við þurftum að kynna okkur og sýna að við værum í lagi og kynnum þetta, að það varð að beina fræðslunni mest til krakka á menntaskólaárunum þegar þau eru að debutera í kynlífinu og náttúrulega eins mikið og hægt væri til fullorðinna og til gagnkynhneigðra. En rifjaðu þetta upp fyrir mér. Hvað sagði ég? Þetta sem ég er að segja núna?

Já auðvitað já. Nei þeir ákváðu bara að það væri... Sko Samtökin gátu séð um sitt fólk og þeir séð eitthvað af hinu en það var svona, þetta var allt svona vinstrihandar vinna. Það var aldrei eins og það væri almennilegur áhugi. En það gerðist líka voða mikið þegar þetta var orðið að gagnkynhneigðum sjúkdómi líka. Í mörg mörg ár þá gerðist ekkert því það voru bara hommar sem voru veikir. Það skipti engu máli. En ég meina það hefur alltaf verið skakkt, þetta hefur alltaf verið óþægilegt eða lengi lengi framan af. Nú er ég ekki kunnug vinnunni í dag nema ég veit hverju var áorkað á þessari alnæmisráðstefnu í New York í sumar þegar múslimaþjóðir eða þeirra sendinefndir

fengu það tekið út úr lokaskjalinu að hommar væru stór hópur af þeim sem veiktust. Tuttugu árum síðar.

Nei ég held að það sé ekki svartsýni. Ég vil bara vera raunsæ um að það er ennþá fullt af fordómum bæði á meðal almennings og stjórnmöldum, hjá okkur sjálfum ekki síst og þeir sem vilja halda að þeir séu miklu minni en þeir voru það er bara sjálfsblekking. Því við verðum líka að muna að við stofnum okkar, við eigum okkar kunningjahóp og fjölskyldur sem við umgöngumst mest. Það fólk þekkir okkur og umgengst okkur eins og við erum. Við erum ekki úti í þjóðfélaginu þar sem við erum ekki á ókunnum stað og sitjum þar og segjum að við séum hommar og lesbíur og verðum þess vegna ekki fyrir áreitinu. En ég held að það sé þar. Og af hverju eru ekki fleiri sem koma úr felum? Af hverju er ekki fleiri af þekktu fólki á Íslandi sem kemur úr felum án þess að það sé einhver dramatík í kringum það. Það er einhver ástæða. Og það er ekki þannig að samkynhneigð sé eitthvað einkamál vegna þess að gagnkynhneigð er ekkert einkamál vegna þess að fólk er flíkandi þessu út um allt. Talandi um þetta óbeint og beint til hægri og vinstri. En það er alltaf afsökunin hjá öllum, mér kemur ekkert við hvort hún er hommi, nei hvort að hann er hommi eða hún er lesbía. Gagnkynhneigð er ekki einkamál og þá er samkynhneigð það ekki heldur.

Já, ég veit ekki hvort við erum að hlífa þeim eða hvort við erum að hlífa okkur sjálfum af því að þetta er náttúrulega eitthvað sem við verðum að vinna í alla ævina að koma úr felum, að vera opin og ég finn það þess vegna að þegar maður er ekki í sambandi sko þegar það er ekki einhver kærasta sem maður talar um eða hittir að þá hef ég rekið mig á það stundum að þá segi ég ekkert. En ef það er einhver beinn misskilningur í gangi þá leiðrétti ég hann en þegar það er svona hálfpartinn æ þá læt ég það bara eiga sig. Og ég spyr mig skiptir það máli eða ekki? Og það er ábyggilega beggja blands en þetta er eitthvað sem tekur mann alla ævina. Og ég veit að það hefur verið fólk sem hefur verið virkt í Samtökunum það segir ekki frá því á vinnustað að það sé lesbía eða hommi. Maður er ekki kominn úr felum þó maður sé farinn að fara niður í Samtök eða þó maður hafi sagt einhverjum. Meðan það er einhver sem skiptir mann máli sem veit það ekki þá er maður ekki kominn úr felum.

Af því umheimurinn lætur okkur ekki vera. Við erum hluti af honum. Og við erum alltaf með ákveðnar hugmyndir um hvernig fólk á að haga sér og hvernig það á að vera. Það hafa hommar og lesbíur líka innan sinna raða, þar eru líka fordómar. Og við erum þannig, ég meina manneskjan hún er fordómafull vegna þess að það er svo margt sem hún þekkir ekki og veit ekki. Þaðan koma fordómarnir. Þegar fólk kynnist þessu fyrirbrigði sem það er með fordóma um þá er það nú oft sem manni snýst hugur. En ég held að, sko, við getum ekki haft hugrekki fyrir aðra að koma úr felum það hef ég alltaf sagt. Svona outing hefur aldrei verið mín lína. Og við þurfum náttúrulega að gefa fjölskyldu okkar, ættingjum og vinum svolítinn tíma. Við getum ekki komið hlaupandi heim og haldið að fyrstu viðbrögðin séu góð. En þó þau séu vond þá geta þau breyst. Og það er bara eins og í allri baráttu hvort sem hún er privat eða opinber fyrir hvert þrep sem við vinnum í þessari baráttu þá er um að gera að halda því, en það er líka allt í lagi að standa á því í svolítinn tíma áður en við höldum áfram og átta sig á hvert maður er kominn. Og ég sé svo oft hjá vinkonum og vinum þegar þau eru að koma úr felum að foreldrarnir koma til og systkinin koma til en það þarf að gefa þeim tíma. En aftur á móti ekki kannski að leyfa þeim að fara aftur á bak eða taka óþarfa tillit til þeirra sem er ekki tillit heldur að hlífa þeim.

Þetta mál er náttúrulega eldgamalt bara frá þeim dögum sem Dagblaðið neitaði að birta auglýsingar frá samtökunum. Og þú sérð það að þetta eru bara tíu ár síðan, ellefu ár núna að þetta gerist.

*Hrafnhildur: Hvað gerðist?*

Kom þetta ekki upp úr klámmálinu og kvennalistinn var blandaður inn í þá hlið og var að skamma DV fyrir að birta klámauglýsingar. Og þeir höfðu náttúrulega misst niður um sig allt myndarlega og reyndu svo að samsama sig eða þykjast vera á þeirra bandi. Og ekki bara segja það að þeir væru á móti þessum kynferðisglæpamönnum eða barnaníðingum, ég veit ekki hvað var verið að tala um, öfuguggaháttur var það, en við vorum náttúrulega líka öfuguggarnir svo til þess að vera ennþá heilagri þá tóku þeir okkur með líka og vildu ekki hafa neitt slíkt í blaðinu. Og mér er sagt að til skamms tíma þá hafi t.d. prófarkalesarar á DV, það eru nú nokkur ár síðan síðast ætli það sé ekki

*Svona Fólk*

sex, sjö ár síðan, þá átti ekki að kalla alnæmi alnæmi. Það hét eyðni þó að það væri orð sem var beðið um að nota ekki. Og það voru fleiri orð sem að áttu ekki að birtast í DV og það átti ekki að tala á jákvæðan hátt um homma og lesbíur. Og við kærðum þetta fyrir siðanefnd blaðamannafélagsins en unnum ekki.

*Hrafnhildur: Hvernig líður manni þegar að maður verður að standa í svona-*

Svona leiðari segir allt um Ellert P. Schram eða a.m.k. fyrir tíu árum bara miklu minna um mig eða um mína samkynhneigð og þannig hugsaði ég það þá. Mér fannst þetta siðlaust og mér finnst þetta bara ofbeldi á prenti. Og við reyndum að kæra og siðanefnd blaðamannafélagsins tók það upp og þetta kannski segir dálítið um hana eða þá segir það eitthvað um þær reglugerðir eða þær samþykktir sem að sú nefnd fer eftir en siðanefnd blaðamannana fannst þetta í lagi og þetta stóð. Nei, sko, það sem að mestu varðar fyrir homma og lesbíur sem eru að koma úr felum, hvað sem þau eru gömul þegar þau gera það það er að vita sjálf hvað þau vilja og þekkja sjálfan sig og það gildir náttúrulega um alla sama hver maður er og sama hvað maður er að gera. Og þegar svona gerist þá er, þá reynir maður allt hvað í manns valdi stendur til að taka þetta ekki inn á sig því þetta segir eitthvað um einhvern annan en ekki um þig. Ef maður veit hver maður er og hvað maður er að gera og veit að það er eðlilegt fyrir mann sjálfan þá heldur maður því áfram. En maður fer náttúrulega bara úr felum í þeim takti sem maður ræður við sjálfur og tekur dálítið í einu og lætur ekki aðra ata sér út í það en maður á heldur ekki að láta aðra draga úr sér. Nei ég var auðvitað vonsvikin, mér fannst þetta sorglegt en svona var það. Svona voru blöð og ég er alveg viss um að það eru, að fjölmiðlum er fólk sem að er kannski ekki, styður ekki baráttu okkar en það veit það núna að eins og Þjóðfélagið er í dag þá segir maður það ekki. Þegar ég var í fræðslunni í Svíþjóð þennan vetur og hitti þúsundir af ungmennum, við unnum bara þetta eins og kennarar, fleiri bekkir á hverjum degi og stórir hópar, vinnuhópar, þá var það svolítið merkilegt að bekkir voru þetta 25 krakkar í menntaskóla og það skiptist yfirleitt, það var annað hvort eða. Annað hvort var talað jákvætt um samkynhneigð eða neikvætt og það var bara það sem varð ofan á í byrjun því að krakkarnir sem kannski þótti þetta allt í lagi eða vildu tala um þetta á jákvæðan hátt þau þorðu ekki að opna munninn en ef að það var öfugt þá voru það hinir sem þögðu. En maður gat alveg séð að þeir voru þarna.

*Svona Fólk*



En ég veit ekki, ég held til baka litið þá er þetta búin að vera nokkuð jöfn barátta í þessi 23 ár eða frá því Samtökin eru stofnuð, hún náttúrulega byrjar fyrr. Margir hafa lagt hönd á plóginn. Úrslitin koma stundum upp úr kafinu, þá koma úrslitin fyrir langan tíma upp þó að alltaf hafi verið eitthvað að gerast. Oft hefði ég óskað þess að hópurinn væri stærri, sérstaklega þegar við vorum að reyna að koma okkur á framfæri sem mest í fjölmiðlum þá hefði verið gott ef að hópurinn væri stærri. Stundum þegar ég var að koma heim eftir að ég var komin út aftur þá, „æi geturðu ekki mætt í sjónvarpið svo það komi nýtt andlit?“ Jú, jú ég gat gert það en mér er svolítið, ég veit ekki, ég hugsa stundum um þessa nefnd sem við vorum með sem átti að kanna stöðu samkynhneigðra sem ég byrjaði í með Guðna Baldurssyni svo veiktist ég og þurfti að hætta. Eða varð meira veik eða hvað maður segir. Andrúmsloftið í henni þegar við byrjuðum, það þurfti sko að, það tók okkur mánuði að vinna á þeim. Að þarna er fólk sem er alltaf að reyna að finna einhverja viðmiðunarhópa í samfélaginu og var stungið upp á fötluðum og það var stungið upp á grænmetisætum og alls konar hópum. Og þú ert með fólk í svona nefnd sem finnst það allt í lagi að t.d. baðstofueigandi, nei það heitir það ekki, saunueigandi hérna í bænum vildi sjálfur hafa leyfi til hverjir fengu að koma og hverjir ekki því hann vildi ekki hommana. Það sat fólk í þessari nefnd sem þótti það í lagi. Og sumir voru kannski meira opnari en aðrir til að skilja, ég meina þau höfðu tekið sæti í þessari nefnd og vildu sinna því starfi af ábyrgð. Sumir voru kannski áhugaminni. Þetta var ekki vont fólk það er ekki það sem ég er að tala um en ég held að það hafi speglað svolítið þjóðfélagið og við vitum líka að það tók yfir ár þangað til að nefndin var sett af stað vegna þess að það vildi enginn hafa fingurna í henni. Ég meina það eru til nefndir hér í landinu sem að þykir svolítið flott að vera í en þessi var ekki ein af þeim. Ég held að þetta hafi ekki verið fyrir fólk sem ætlaði að klifra í metorðastiganum innan ráðuneytanna. Og ég veit að þetta tal t.d. um að finna annan hóp í samfélaginu sem væri í svipaðri stöðu henni lauk daginn sem að einn, það var þarna nefndarfulltrúi sem að var með rautt hár sem að kom einu sinni of seint á fund og um leið og þessi nefndar fulltrúi gengur inn í herbergi þá segi ég: „Nú er ég búin að finna hópinn.“ „Hópinn?“ Af því það var þarna einn sem vildi endilega fá viðmiðunarhóp, samanburðarhóp, ég man ekki hvað það var kallað. Það eru rauðhærðir! Ég meina þau eru fædd rauðhærð alveg eins og við erum fædd eins og við erum, þú getur litað á þér hárið og augabrýr en

rauða hárið er alltaf þarna og sumum er strítt, þó þetta sé ekki sami hluturinn þá er þetta spurning um eitthvað sem maður er fæddur en ekki eitthvað sem maður velur og ég hugsa oft um þennan hóp vegna þess að það eru ekkert mörg ár síðan. Og þetta er ekki til að vera svartsýn ég ætla bara að endurtaka það en við þurfum samt að ekki vera varkár en hugleiða dálítið hvert við erum komin og hvað er eftir og einbeita okkur að venjulegu fólki í heimahúsum sem þorir að koma úr felum. Sem þorir að fara til pabba og mömmu eða vina sinna eða hvert sem er og segja ég held ég sé hommi, ég held ég sé gay, ég held ég sé lesbía. Vegna þess að þau eru ekkert mörg sem þora það. Börnin mín eru rétt komin af menntaskólaárunum og það voru tveir inni í MS, ein stelpa og einn strákur. Það eru fimm ár síðan og það skal enginn segja mér það, nú veit ég ekki hvað eru margir í t.d. í MS eða öðrum skólum, hvað ætli það sé 600/700? Það eiga að vera tugir sem eru komin úr felum og þau eru ekki komin úr felum.

Ég veit það ekki. Þá erum við ekki farin að tala um alla sem eru bí en þau eru líka þarna.

Já eins og þegar að Samtökin, það fer eftir hver verður formaður þá er misjafnlega mikið minnst á og ekki er ég að lasta starf þeirra sem á eftir mér komu, það er ekki það. En ég, sko, Þorvaldur getur sagt þér frá því hvernig þetta var vegna þess að maður þurfti nottla að ráðfæra sig við aðra bara til að fá móralskan stuðning því þetta virtist vera vand-, eða hvað á maður að segja, að klífa þennan tind, hann var hár. Ég meina það var ekkert hægt að gera. Það þurfti svo rosalega mikið af fagvinnu í henni að við gátum ekkert komist neitt áleiðis í marga mánuði vegna þess að það þurfti bara að koma þessu fólki niður á jörðina.

Ég held að bestu bandamenn mínir eru dætur mínar og þeirra viðbrögð og já auðvitað hefur það stundum verið erfitt fyrir þær og auðvitað held ég að þær hafi þurft að glíma við þetta eins og annað. En viðbrögð þeirra í dag og þær eru báðar ósamkynhneigðar, þær eru sem sagt með strákum. Að þegar ég sé heilbrigð viðbrögð þeirra þegar eitthvað gerist í samfélaginu að þá veit ég alveg að þetta er hægt og ég vildi óska að það væru fleiri gagnkynhneigðir sem gætu verið stoð og stytta þeirra sem að eru gay og þurfa á þessum stuðning að halda. Að það væru fleiri gagnkynhneigðir sem tækju upp hanskan

vegna þess að það er alltaf sterkast. Svo við þurfum ekki að standa í baráttunni sjálf. Vegna þess að hitt hefur miklu meir áhrif.

Nei ekki sem gay. Nei ég fór þangað til að fara í verkjameðferð og vera nálægt yngri dóttur minni sem var búin að búa þar lengi og svo kom hin á eftir þannig að ég hef enga ástæðu til að koma aftur heim í bili nema í heimsókn.

Einhver sem að ég held að sé í felum? Ég nefni ekki, nei ég geri það ekki. En ég get sagt þeim það sem eru þar að þetta líf er miklu betra, það er bara sjálfsblekking að halda að það sé betra að vera í felum með kynhneigð sína og tilfinningalíf vegna þess að í mörgum tilfellum þá veit allt landið það, eða í sumum tilfellum og það verður og jú, það er málið og ég vil segja það: Að vera í felum og vera opinber eða hálfopinber manneskja, kona eða maður, skemmir baráttu samkynhneigðra vegna þess að þau staðfesta í þessu skápalífi sínu á hverjum einasta degi að það sé engin ástæða til að koma úr felum. Það sé engin ástæða til að opinbera kynhneigð sína. Altså eru þau að staðfesta fordómanna í staðinn fyrir að vera hreinskiptið fólk og segja hver þau eru og halda svo bara áfram sínum lífsgjörningi. En þau eru að skemma fyrir okkur og fyrir utan að skemma fyrir sjálfum sér, fyrir utan það að vera óhamingjusamari hvað sem þau segja sjálfum sér og öðrum þá er þetta ekkert líf. Nöfn nefni ég engin. Það hefur aldrei verið mín pólitík, mér finnst það rangt.

Spóla 92.

Já, það var náttúrulega staðurinn, 22, Moulin Rouge og eitthvað fleira var í gangi. Það var nú aðallega 22 held ég sem að við sóttum og það var nú stundum sem að það voru embættismenn sem voru að telja út og inn eða út aðallega og brunamálastofnun eða þeir sem gera brunaeftirlitið eða framkvæma það þeir voru, það var nú allt í lagi með þetta fólk þannig nema það að það kemur maður til Íslands, bandarískur ef ég man rétt á vegum Brunamálastofnunar og heldur hér fyrirlestur og er að segja frá brennuvörgum og segir þeim að þeir séu mjög oft sexual pervertar, öfuguggar. Og voru þeir þá ekki lengi að finna út hverjir það voru, hann sagði þeim að þeir fengju svo mikið kynferðislegt kikk út úr því að sjá þegar kveiknar almennilega í, það er málið. Það var

*Svona Fólk*

nýbúið að gera úttekt á 22. þegar þessi fundur, þessi ráðstefna var með einhverjum litlum athugasemdum, ekkert sem var alvarlegt. Nema það birtist aftur eftirlitsmaður upp á 22., gerir þrjár athugasemdir og lokar staðnum. Og þetta var annar en sá sem hafði komið síðast. Og ég meina við erum að tala um vikur eða einhverja örfáa mánuði. Ég man held ég þessar þrjár athugasemdir. Ein var sú að peran í neyðarútgangs-, þessu græna skilti sem að er, hún var ekki nógu sterk. Á leiðinni upp á hæðina fyrir ofan þá hafði nýlega verið skipt um lás og það var ennþá örlítið gat í hurðinni, þetta þótti hættulegt og fyrir utan, bak við í portinu var ruslafötum haugað upp við dyrnar þannig að það var ekki hægt að komast þaðan út. Þessir pokar voru frá verslun sem að var þarna við Klapparstíg. Á þessum forsendum var lokað. Og um óákveðinn tíma a.m.k. meðan þetta yrði lagað. Og það var að koma helgi og við ákváðum að prófa og ég sótti um leyfi hjá lögreglustjóra að fá að halda þarna privat veislu og annar sótti um að fá að halda veislu sem er sko gagnkynhneigður maður og ég fer svo upp til lögreglustjóra og tala við lögfræðing lögreglustjóra og ég hef sjaldan lent í öðru eins. Ég kom og kynnti mig og ég held hún hafi nú ekki átt von á að hitta einhvern eins og mig, ég veit ekki hvaða hugmyndir hún hafði nema hún neitaði að opna munninn fyrir en hún var búin að kalla á annan lögfræðing sem var fulltrúi og hún trylltist á þessum fundi. Ég var búin að kynna mér lögin og hefði átt að fá að halda þarna einkasamkvæmi og bjóða þeim sem ég vildi en hún neitaði. Hún neitaði líka að tala við útvarpið, enga stöð. Ég veit ekki hvort það var vegna þess að hún hafði gert skyssu en þeim sko, þeir gátu ekki lokað staðnum nógu fljótt eftir að þeir voru búnir að finna út úr því að sexual pervertar sem voru náttúrulega hommar og lesbíur og engir aðrir, nú voru þeir búnir að finna afsökun. Það var eins og þeir hefðu beðið eftir því. Og mér er þetta minnisstætt og það eru tíu ár síðan.

*Hrafnhildur: Þetta er ekki langur tími.*

Nei. Svo var þessu kippt í liðinn og helgina þar á eftir það var lokað eina helgi og svo var búið að kippa þessu í liðinn helgina þar á eftir. En þetta var svo greinilegt að þetta var ekki samkvæmt þeirra starfsreglum, það var nýbúið að gera úttekt á staðnum og maðurinn sem kom og gerði hana var með einhverja eina, tvær athugasemdir sem voru ekki alvarlegar og eftir því sem mér skilst búið að kippa þeim í liðinn en þetta var bara

*Svona Fólk*

tittlingaskítur þetta þrennt. En ástæða til að loka. Og svo mættu þeir helgina þar á eftir lögreglumennirnir og töldu ofsalega vandlega út og hótuðu að loka því það var eitthvað of mikið þarna inni. Sem er svo sem ekkert nýtt í sögu borgarinnar, ekki það að það réttlæti það en það var stundum hægt að finna að þeir voru, án þess að ég sé með paranoju, að þeir voru að eltast við ákveðinn hóp.

Já já það var gay staður og svo hafa sumir lent í að það hafi kveiknað í hjá þeim og þá skipti kynhegðunin miklu máli. Það var á svipuðum tíma.

Það var a.m.k. afskaplega stór hópur homma og lesbía sem að áttu við áfengisvandamál að stríða og eiga það kannski enn. Og ákveðinn aldurshópur á kannski, ja margir eiga, af okkur eiga börn en ekki eins margir og meðal gagnkynhneigðra þannig að þú kemst út á kvöldin. Það er oft, eða mér fannst oft vera mikil óhamingja í þessum hópi og til að forðast að eða til að þurfa ekki eða vera eða haft tók á eða a.m.k. ekki gera eitthvað í þessari óhamingju og finna út úr því hvað þetta er þá er auðveldara að skemmta sér og drekkja þessum sorgum eða hvað það er. En það er alveg sama hvernig á þetta mál er litið. Það er hollast öllum að reyna að koma úr felum og a.m.k. að þykjast ekki vera einhver annar en maður er sjálfur. Þetta er ekkert, þetta þarf ekki og er alls ekki merki um eilífa óhamingju í lífinu þó að maður sé hommi eða lesbía, þó að maður sé gay, það er allt í lagi. Maður er ekki veikur. Maður getur haft hamingjuríkt líf sem hommi eða lesbía alveg eins og allir aðrir. Og ég held m.a.s. oft að þá hugsum við okkur betur um í ákveðnum hlutum heldur en gagnkynhneigðir gera. Ég meina það verða engin börn til í gay samböndum sem eru ekki vandlega skipulögð en bærinn er fullur af börnum sem að kannski hefðu mátt fá að bíða með að fæðast vegna þess að þau komu í heiminn sem einhvers konar slys, þótt börn geti aldrei sjálf verið slys þá er þungunin það kannski. En við eignumst ekki slík börn.